



501. Stjórnarfundur haldinn 15. febrúar 2018 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Þórður Magni Kjartansson (PMK),
Birgir Már Bragason (BMB) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES)

Fjarverandi: Sveinn Adolfsson (SA), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Birgir Ingibergsson (BI).

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

A. Tölvupóstur frá Hafþóri Barða Birgissyni íþrótt- og tómstundafulltrúa Reykjanesbæjar v/stofnun vinnuhóps um nýjan gervigrasvöll í Reykjanesbæ. Hópurinn er fimm manns og skipar Reykjanesbær þrjá aðila, Friðjón Einarsson, Gunnar Þórarinsson og Ingigerði Sæmundsdóttur og Keflavík og Njarðvík eiga að skipa einn fulltrúa hvort félag. **Móttekið og aðalstjórn skipar framkvæmdastjóra félagsins EH í þennan vinnuhóp.**

B. Tölvupóstur frá UMFÍ v/umsókna í Fræðslu- og verkefnasjóð UMFÍ. **Móttekið og framkvæmdastjóra falið að senda umsókn í sjóðinn.**

C. Tölvupóstur frá UMFÍ v/umsókna í Umhverfissjóð UMFÍ. **Móttekið og framkvæmdastjóra falið að senda umsókn í sjóðinn.**

3. Send bréf

A. Tölvupóstur sendur á Jónas Guðna Sævarsson framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar v/skipurits og yfirlýsingar um sjálfstæði knattspyrnudeildar.

B. Tölvupóstur með fylgiskjali sendur á stjórnendur deilda v/leyfis til að fletta upp í sakaskrá viðkomandi þjálfurum og stjórnarmönnum innan félagsins.

4. Aðalfundur deilda Keflavíkur 2018

Aðalfundi knattspyrnudeildar er lokið og lét Jón Benediktsson af formennsku. Sigurður Gardarsson var kjörinn nýr formaður deildarinnar. EH sæmdi Hermann Helgason gullmerki félagsins fyrir fimmtán ára stjórnarsetu. EH sæmdi sex fulltrúa í kvennaráði bronsmerki félagsins þau Benediktu Benediksdóttur, Björgvin Magnússon, Hrefnu Höskuldsdóttur, Sigríði Þórhöllu Þorleifsdóttur og Þorgerði Magnúsdóttur fyrir fimm ára stjórnarsetu.

5. Aðalfundur Keflavíkur 2018

Aðalfundur félagsins verður haldinn mánudaginn 26. febrúar kl.18:00. Farið var yfir tékklista fyrir fundinn. Drög að skýrslu stjórnar verður send á stjórnarmenn innan tíðar. Skrifað var undir ársreikning félagsins. Ákveðið að Jón Sigurbjörn Ólafsson fengi Starfsbikar félagsins. Guðjón Axelsson og Rúnar Vífill Arnarson verða heiðraðir með Gullheiðursmerki félagsins. Ástvaldur Ragnar Bjarnason, Björgvin Björgvinsson og Róbert Aron Ólafsson verða heiðraðir með Silfurheiðursmerki félagsins sem dyggir stuðningsmenn. Óskað verður eftir því við UMFÍ að sæma þau Fal Helga Daðason og Guðmundu Róbertsdóttur starfsmerki UMFÍ. **Ákveðið var að leggja fram tillögu á aðalfundinum um að greiða út fimm milljónir af óráðstöfuðu eigi fé til deilda og nota sömu hlutfallsskiptinguna sem notuð er við útteilingu á þjálfarastyrk RNB, þó þannig að allar deildir fái einn jafnan hlut áður en skipt er. Skuldajafnað verður við þær deildir sem skulda aðalstjórn 31.12.2017.**





Frh.

501. Stjórnarfundur haldinn 15. febrúar 2018 kl:18:00

6. Önnur mál

A. Ein, tveir og elda. Meistaraflokksráð kvenna í knattspyrnu hefur tekið að sér að sjá um afhendingu á matarkössum fyrir Ein, tveir og elda (fjáröflun).

B. Valpór Andreasson v/skönnunar á ljósmyndum (Jónas Guðni Sævarsson). *Móttekið.*

C. EH sagði frá því að búið væri að senda á allar deildir eyðublað sem stjórnarmenn og þjálfarar skrifa undir og veita leyfi til uppflettingar í sakará. Viðstaddir aðalstjórnarmenn skrifuðu undir slíkt leyfi til uppflettingar á fundinum.

D. Ákveðið var að fylgja sömu reglu og Reykjanesbær notar hvað varðar afslátt af lóðarleigu vegna Heiðarenda.

Næsti fundur verður boðaður.

Fundi slitið kl. 19:40 Fundinn ritaði ES.

